

hjeraði löglega leiddan kostnað, svo og málsfærslukaup til hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur, en að öðru leyti virðist málskostnaður fyrir yfirdómi eiga að falla niður.

Sókn og rekstur málsins í hjeraði hefur verið víta-
laus og vörn í því lögmet fyrir yfirdóm.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, ritstjóri Skapti Jóseppson, á að greiða 150 kr. sekt til landssjóðs, en greiði hann eigi alla sektina innan ákveðins tíma, á hann að sæta einföldu fangelsi í 40 daga. Hin framan tilgreindu orð og ummæli í greininni: »Aðsent. Nýfundid brot úr dómabókinni« í 13. tölublaði II. árgangi blaðsins »Austra« eiga að vera dauð og ómerk. Áfrýjandinn greiði allan af máli þessu fyrir undirrjettinum löglega leiddan kostnað, svo og 30—þrjátíu—krónur sem málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns hins stefnda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 48/1893:

Vilhjálmur Árnason

gegn

Birni presti Þorlákssyni.

Ú r s k u r ð u r :

Mál þetta höfðaði fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu

Skapti Jósepsson samkvæmt umboði frá stefnda, Birni presti Þorlákssyni á Dvergasteini, gegn áfrýjandanum út af meiðandi ummælum, er áfrýjandinn hafði haft um stefnda í kæruskjali nokkru til biskups yfir honum sem presti, er áfrýjandinn ásamt fleirum hafði undirskrifað. Málið var dæmt 1. ágústmánaðar f. á. þannig, að áfrýjandinn var dæmdur í 200 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 60 daga einfalt fangelsi, og til að greiða 50 kr. í málskostnað, en hin átöldu meiðyrði og öll kæran til biskups voru dæmd dauð og ómerk og skyldu ekki koma »stefnanda til skaða á nafni eða rykti«.

Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 14. okt. f. á., og krafizt ógildingar á 2 úrskurðum, er uppkveðnir voru undir rekstri málsins og ómerkingar á málinu upp þaðan eða til vara sýknunar að öllu leyti eða niðurfærslu á hegningunni og málskostnaðar. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að málinu verði vísað frá yfirdómi, sökum þess honum sje málið óviðkomandi, þar sem hann hafi fengið það í hendur reglulegum mandataribus sínum, Skapta Jósepssyni, sem hafi flutt málið í hjerði sem sitt eigið mál og í sínu eigin nafni og á eigin ábyrgð, enda hljóði dómurinn beinlínis um hann. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir yfirdómi hjá áfrýjanda með 50 kr. Til vara hefur hann krafizt, að sjer verði veittur hálfsmánaðar frestur til að svara í aðalefni málsins.

Í umboðsskjali því frá stefnda, er málshöfðandinn í hjerði, Skapti Jósepsson, framlagði fyrir undirrjettinum sem heimild til málflutningsins, segir svo, að Björn prestur gefur Skapta »fullt og ótakmarkað umboð mitt til að höfða og sækja mál gegn nefndum Vilhjálmí Árnasyni út af umgetinni biskupskæru. Skal allt, sem

nefndur Skapti Jósefsson gjörir í þessu máli, vera eins gilt sem jeg hefði gert það sjálfur, enda er hann dominus litis og má með málið fara sem sitt eigið og eins og honum þykir best við eiga. Þetta skjal verður ekki skilið svo, að álitir rjettarins, að umboð eða umráð Skapta Jósefssonar yfir málinu hafi átt að haldast lengur en meðan málið stæði yfir í hjeradi eða til þess dómur þar væri fallinn, sbr. sjerstaklega orðin: »höfða og sækja«, og það er því engin ástæða til að álíta málið óviðkomandi stefnda, eða að honum beri eigi að svara til sakar við áfrýjun dómsins, sem þó með ákvæðum sínum, sekt á áfrýjanda og ómerkingu meidyrðanna, snertir engan mann annan, að frátöldum áfrýjanda, en stefnda og ærurjettindi hans. Krafa stefnda um frávísun málsins verður því eigi tekin til greina, en honum ber að veita hálfsmánaðarfrest til andsvara í aðalefni málsins samkvæmt varakröfu hans.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður eigi tekin til greina, en honum veitist hálfsmánaðar frestur til andsvara í aðalefni málsins.

Mánudaginn 30. aprílmánaðar.

Nr. 13/1894:

Rjettvísun

gegn

Guðbjörgu Guðmundsdóttur og

Guðmundi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Rangárvallasýslu, uppkveðn-